

Til bæjarráðs

Fyrirspurn Garðabæjarlistans varðandi kaup Garðabæjar á færanlegum húseiningum frá Terra.

1. Varðandi 3. gr. leigusamningsins.
 - a) Hver er áætlaður kostnaður við gerð sökkuls undir húseiningarnar?
 - b) Hver er áætlaður kostnaður fyrir tengingar við rafmagn, heit og kalt vatn og frárennsli við heimaæðar?
 - c) Hver er kostnaður við uppsetningu á brunaviðvörðunarkerfi?
 - d) Er einhver annar kostnaður við flutning, uppsetningu eða afhendingu sbr. 3. gr. leigusamningsins sem Garðabær á að greiða?
 - e) Hver mun annast þá iðnaðarvinnu og aðra forvinnu fyrir Garðabæ til þess að koma húseiningunum í notkun og hvernig verða þeir aðilar valdir?
2. Varðandi 4. gr. leigusamningsins.
 - a) Hver eru rökin fyrir því að leiguverð hækkar úr kr. 3.501 pr. fm (2.552.000 kr á mánuði) í kr. 4.801 pr. fm (3.500.000 kr á mánuði) eftir 2 ár ef samningurinn er til 7 ára? Væri vísitöluhækkun ekki eðlilegra skilyrði í slíkum samningi?
 - b) Mikið er gert úr kauprétti í leigusamningnum, hvað gæti breyst á næstu 24 mánuðum sem gæti mögulega valdið því að Garðabær nýti sér kaupréttarákvæðið?
 - c) Hvers vegna er virðisaukaskattur á leigunni? Þ.e. 2.552.000 auk **vsk.** á mánuði (kr. 3.501 pr. fm.) Er almenn vsk-kvöð á húsaleigu á fasteignum? Eða er það tilkomið vegna þess að verksmiðjuframleiddar færanlegar einingar eru ekki fasteignir í skilningi laga, heldur vara, þ.e lausafé?